

Mánudaginn 22. júní 1959.

Nr. 80/1959. **Sementsverksmiðja ríkisins**
(Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
Þorbjörgu Einarasdóttur
(Haukur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Orlofsfé. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí þ. á. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu og henni dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu, sem átti rétt til 34 daga orlofs vegna starfa síns

hjá áfrýjanda, hafði verið sagt upp starfanum með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stefnda hætti störfum að vilja áfrýjanda, þegar tveir mánuðir voru eftir af uppsagnarfrestinum, og telur áfrýjandi, að stefnda, sem naut fulls kaups þennan tíma, hafi þar með notið þess orlofs, er hún átti rétt til, og ríflega það. Ekki verður talið, að þessi tími, er uppsagnarfrestur var að líða að lokum og ætla má, að einnig hafi þurft að nota til leitar að nýju starfi, hafi orðið orlofstími, nema samþykki beggja samningsaðilja kæmi til. Ósannað er, að svo hafi verið, og á því stefnda rétt til þess orlofsfjár úr hendi áfrýjanda, sem hún krefst. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefndu, Þorbjörgu Einarsdóttur, kr. 1.500,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi neytti eigi ákvæða 9. og 10. gr. laga nr. 16/1943 til að veita stefndu orlof, áður en hann lét hana fara úr þjónustu sinni, en eigi er það í merkingu nefndra laga orlof, þótt áfrýjandi greiddi stefndu laun tvo síðustu mánuði starfstímans og hafnaði jafnframt vinnu hennar þann tíma.

Samkvæmt þessu á stefnda rétt til þess orlofsfjár, sem hún gerir kröfu til, með þeim hætti og skilyrðum, er greinir í lögum nr. 16/1943 og lögum nr. 8/1957, sbr. einkum 5. mgr. 4. gr., 12. gr., 13. gr. og 16. gr. laga nr. 16/1943.

Ber því að dæma áfrýjanda til að inna af hendi samkvæmt nefndum lögum til stefndu orlofsfé, kr. 4.459,10, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. október 1958 til greiðsludags. Svo greiði áfrýjandi stefndu málskostnað í héraði, kr. 1.000,00, og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð mitt er:

Afrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefndu, Þorbjörgu Einarsdóttur, orlofsfé, kr. 4.459,10, með 6% ársvöxtum frá 16. október 1958 til greiðsludags, kr. 1.000,00, málskostnað í héraði, og kr. 1.500,00, málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Þorbjörg Einarsdóttir, Bakkatúni 22, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 9. október 1958, á hendur Sementsverksmiðju ríkisins til greiðslu vangoldins orlofsfjár, að fjárhæð kr. 4.459,10, auk 6% ársvaxta frá 16. október 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefnda hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi.

Málavextir eru þeir, að stefnandi vann sem ráðskona hjá stefndu frá því í apríl 1957. Í júnímánuði 1958 var henni sagt upp starfi. Féllst stefnda á, að stefnandi ætti rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og greiddi henni samkvæmt því full laun til septemberloka það ár, en hins vegar mun hún hafa hætt störfum í lok júlímánaðar. Taldi stefnandi sér þá vangoldið orlofsfé af launum þeim, er hún hafði þegið frá stefndu, þ. e. kr. 131,15 á dag í 34 daga. Er stefnukrafan byggð á útreikningum starfsmanna stefndu, og hefur henni ekki verið mótmælt tölulega.

Sýknukröfu sína styður stefnda þeim rökum, að þar sem stefnanda hafi verið goldin laun í tvo mánuði, eftir að hún hætti vinnu, hafi stefndu verið heimilt að telja þann tíma sem orlof hennar og ríflega það. Telur stefnda fráleitt, að stefnandi eigi kröfu til greiðslu orlofsfjár jafnframt því, sem henni voru greidd laun í tvo mánuði, eftir að hún hætti vinnu hjá stefndu.

Eins og fyrr greinir, þá er ekki um það deilt, að stefnandi hafi átt rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Réttur stefnanda samkvæmt lögum nr. 16 frá 26. febrúar 1943 til orlofsfjár er óháður þessum rétti hennar til uppsagnarfrests. Það tilvik, að stefnandi, að því er virðist, að vilja stefndu, lætur af störfum tveim mánuðum áður en uppsagnarfresturinn er liðinn, getur því engin áhrif haft á framangreindan rétt hennar til orlofsfjár af því kaup, sem hún hafði þegið frá stefndu. Verða

Því kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti, en málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.050,00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Þorbjörgu Einarsdóttur, kr. 4.459,10 með 6% ársvöxtum frá 16. október 1958 til greiðsludags og kr. 1.050,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
